



Borgarráð

Korpuvína 1 – Samningur um færslu Korpuvínu 1 í jörð

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi samning við Landsnet hf. um greiðsluþátttöku Reykjavíkurborgar í færslu Korpuvínu 1 í jörð.

Greinargerð

Þann 19. febrúar 2018 tók gildi nýtt deiliskipulag í Úlfarsárdal. Í deiliskipulaginu fólst m.a. stækkun á Úlfarsárdalshverfisins. Korpuvína 1 liggur nærri hluta nýrra lóða í hverfinu og því truflar hún byggðarþróun og uppbyggingarmöguleika. Reykjavíkurborg og Landsnet hafa því átt í viðræðum um færslu línunnar í heild eða hluta. Landsnet hefur komist að þeirri niðurstöðu að heppilegast sé að leggja jarðstreng milli tengivirkis við Geitháls og tengivirkis við Korpu og mun að lokum fjarlægja alla loftlínuna Korpuvína 1. Á fundi borgarráðs þann 23. janúar sl. voru samþykktar nauðsynlegar breytingar á deiliskipulagi vegna lagningu Korpuvínu 1 í jörðu.

Samkvæmt verklagi Landsnets er þörf á að setja 44% línunnar til að uppfylla ósk Reykjavíkurborgar. Landsnet mun leggja út fyrir öllum kostnaði á meðan á verkinu stendur en Reykjavíkurborg mun greiða Landsneti samkvæmt verklagi Landsnets. Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdarinnar er um 560 m.kr. Hlutdeild Reykjavíkurborgar er 10% af þeim hluta verksins sem ósk Reykjavíkurborgar nær til eða 4,4% af heildar verkinu. Miðað við áætlaðan kostnað gæti kostnaður Reykjavíkurborgar numið um 25 m.kr.

Gert er ráð fyrir að kostnaður rúmist innan fjárheimilda á kostnaðarstað 3104 Nýbyggingarhverfi.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Drög Samningur við Landsnet um hluta Korpuvínu 1 í jörð.

Samningur um verkframkvæmd: Færsla hluta Korpulínu 1 í jörð

milli

Landsnets hf

og

Reykjavíkurborgar

Þessi samningur um verkframkvæmd (hér eftir kallaður „samningurinn“) er gerður á milli:

- (1) Landsnets hf., kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík (hér eftir einnig vísað til sem „Landsnet“ eða „verksali“), og
- (2) Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík (hér eftir einnig vísað til sem „Sveitarfélag“ eða „verkkaupi“).

Vísað er til framangreindra sem „aðila“ og skal hvor um sig vera „aðili“. Tilvísun til aðila í þessum samningi skal jafnframt teljast vera tilvísun til þess sem tekur við af honum og löglegra framsalshafa:

FORSENDUR

ÞAR SEM Landsnet hefur samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 meðal annars það hlutverk að sinna kerfisstjórnun innan flutningskerfis raforku, en í því felst að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf svo hægt sé að mæta frávikum milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar, sem og að gera samninga við vinnslufyrirtæki í þessu sambandi;

ÞAR SEM Sveitarfélagið hefur óskað eftir því við Landsnet að færa hluta loftlíunnar Korpulínu 1 (132 kV) í jörð (hér eftir einnig vísað til sem „Verkframkvæmd“). Þörf Verkframkvæmdar er vegna þess að loftlínan truflar byggðapróun og uppbyggingarmöguleika. Að undangenginni skoðun verkefnis hefur Landsnet ákveðið að leggja jarðstreng alla leið milli tengivirkis við Geitháls og tengivirkis við Korpu og mun að því loknu fjarlægja alla loftlínuna Korpulínu 1.

ÞAR SEM Landsnet og Sveitarfélag hafa komist að samkomulagi um að fara í Verkframkvæmdina og náð saman um kostnaðarskiptingu.

ÞAR SEM unnið verður eftir verklagi Landsnets við kostnaðarskiptingu aðila vegna Verkframkvæmdarinnar og er tekið tillit til þess að einungis er þörf á að setja um 44% af línunni í jörð til að uppfylla óskir Reykjavíkurborgar.

VEGNA ALLS FRAMANGREINDS hafa aðilar samþykkt eftirfarandi:

1 UMFANG SAMNINGS – SKYLDUR AÐILA

Landsnet skuldbindur sig til þess að taka að sér fyrir Sveitarfélag verk sem felur í sér að færa loftlínu Landsnets, Korpulínu 1, í jörð. Sjá nánar áætlaða línuleið í viðauka 2. Landsnet lætur hanna verkefnið og leggur til efni, búnað, tæki, vélar, áhöld, mannafla, þjónustu, flutning og allt annað sem þarf til að framkvæma verkið og ljúka því að fullu. Að lokinni jarðstrengslögn mun Landsnet fjarlægja loftlínu, farga efni og ganga frá umhverfi.

Skipulag vegna línuleiðar jarðstrengs er á ábyrgð sveitarfélagsins. Verkframkvæmdin er háð leyfi Orkustofnunar, framkvæmdaleyfis Sveitarfélags og leyfi landeigenda sem Landsnet vinnur að.

Landsnet vinnur að framkvæmdaáætlun Verkframkvæmdarinnar og heldur Sveitarfélagi upplýstu.

Landsnet mun kappkosta að áhrif Verkframkvæmdarinnar á umhverfi verði í lágmarki og farið verði í einu og öllu að lögum og reglugerðum sem varða umhverfismál.

Landsnet mun leggja út fyrir öllum kostnaði meðan á verkinu stendur. Sveitarfélag skuldbindur sig til að greiða Landsneti endurgjald fyrir Verkframkvæmdina samkvæmt uppgjöri í verklok og kostnaðarskiptingu skv. verklagi í viðauka 1.

Sveitarfélag greiðir Landsneti endurgjald fyrir útlagðan kostnað skv. kostnaðarskiptingu í viðauka 1 ef byrjað hefur verið á Verkframkvæmd en henni ekki lokið að fullu innan 3ja ára vegna atvika sem ekki eru á ábyrgð Landsnets.

2 VANEFNDIR

Brot á samningi þessum telst vera vanefnd. Ennfremur skal brot gegn tilheyrandi reglugerðum, lögum og skilmálum teljast vera vanefnd á þessum samningi og hafa sömu réttaráhrif.

3 ÓVIÐRÁÐANLEG ÖFL („FORCE MAJEURE“)

Ákvæði 10. gr. varðandi óviðráðanleg öfl í almennum skilmálum um flutning rafmagns og kerfisstjórnun gilda samkvæmt samningi þessum.

4 UPPLÝSINGASKYLDA

Aðilar skulu miðla hvor öðrum upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir framkvæmd þessa samnings. Upplýsingum skal miðlað án óþarfa tafa. Eftirfarandi aðilar skulu vera tengiliðir og skal upplýsingaskylda vera fullnægt ef upplýsingar eru sendar með tölvupósti eða með hefðbundnum ábyrgðarpósti.

Sveitarfélag:	Reykjavíkurborg	Landsnet:	
Nafn viðtakanda:	Ólafur Már Stefánsson	Viðtakandi:	Viðskiptastjóri
Heimilisfang:	Borgartún 12-14, 105 Rvk	Heimilisfang:	Gylfaflöt 9, 112 Rvk
Netfang:	Olafur.Mar.Stefansson@reykjavik.is	Netfang:	landsnet@landsnet.is

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessa ákvæðis ber aðilum að tilgreina sérstaka tengiliði sem á hverjum tíma annast áætlanaskil, uppgjör og önnur dagleg samskipti vegna framkvæmdar þessa samnings.

Aðilum ber að tilkynna gagnaðila um allar breytingar á ofangreindum upplýsingum.

5 GILDISTÍMI OG UPPSÖGN

Samningur þessi tekur gildi við undirritun þessa samnings.

Samningurinn gildir þar til Verkframkvæmd er lokið ásamt uppgjöri í verklok og Sveitarfélag hefur greitt Landsneti umsamið endurgjald.

Samningurinn fellur úr gildi ef ekki hefur verið byrjað á Verkframkvæmd þremur árum eftir undirritun þessa samnings.

6 MEÐHÖNDLUN ÁGREININGSEFNA

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða skilmála Landsnets skulu aðilar leitast við að leysa þann ágreining.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða skilmála Landsnets skal í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur úrskurðarvald á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga leita úrlausnar stofnunarinnar og úrskurðarnefndar raforkumála þar sem það á við. Úrskurði úrskurðarnefndar má vísa til dómstóla skv. 30 gr. VII. kafla raforkulaga.

Heyri úrlausn ágreinings ekki undir Orkustofnun má vísa málinu til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

7 FYLGISKJÖL

Viðauki 1: Verklag Landsnets vegna kostnaðarskiptingar þegar beiðni berst frá sveitarfélagi um færslu loftlínu í eigu Landsnets í jörð, ásamt kostnaðarskiptingu aðila.

Viðauki 2: Áætluð línuleið

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila og telst hvort eintakið fyrir sig fullgilt frumrit samningsins.

Reykjavík, þann xx. febrúar 2020

Landsnet hf.

Reykjavíkurborg

Vottar:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

DRÖG

Viðauki 1: Verklag Landsnets við kostnaðarskiptingu aðila við færslu loftlínu í jarðstreng ásamt kostnaðaráætlun og kostnaðarskiptingu aðila.


Verklag Landsnets við kostnaðarskiptingu aðila við færslu loftlínu í jarðstreng:

Landsnet vinnur eftir þessari reglu þegar metið hefur verið mikilvægi þess að færa loftlínu í jarðstreng og ákvörðun um færsluna liggur fyrir. Þá er horft til þess að loftlína hindri ekki uppbyggingu t.d. byggðar og samgönguæða.

Regla þessi á við um skiptingu kostnaðar milli aðila þegar rífa þarf loftlínu og leggja jarðstreng í staðinn að beiðni hagsmunaaðila. Þessi regla er í samræmi við verklag og vinnulýsingar Landsnets og tryggja gagnsæi og að jafnræðis sé gætt á meðal aðila.

Framkvæmdakostnaður sem hér um ræðir er allur beinn kostnaður við að fjarlægja loftlínu og leggja jarðstreng í staðinn. Þar með talinn undirbúnings- og hönnunarkostnaður og allur framkvæmdakostnaður þ.m.t. niðurrifskostnaður línu, tengikostnaður, eftirlit og frágangur í verklok.

Kostnaðarhlutdeild Landsnets vegna færslu línu í jörð að beiðni sveitarfélags eða annars aðila er sem hér segir:



Mynd 1: Línurit um skiptingu kostnaðar

Kostnaðarhlutdeild aðila hér að ofan miðast við aldur þeirrar línu sem verður fjarlægð. Kostnaðaraukning vegna afbrigðilegra gæða efnis og/eða frágangs umfram hefðbundið verklag á hverjum tíma er greidd af þeim sem óskar þess. Óski Landsnet eftir að auka flutningsgetu línu/strengs ber Landsnet að fullu þann viðbótarkostnað sem af því hlýst.

Kostnaðarskipting:

Korpulína 1 er byggð árið 1974. Þá má sjá út frá mynd 1 að kostnaðarhlutdeild Landsnets er 90% og Sveitarfélags 10% af framkvæmdakostnaði miðað við framkvæmdir á árinu 2020. Áætlaður kostnaður fyrir Verkframkvæmdina er 530 Mkr. fyrir jarðstrengslögnina og 30 Mkr fyrir niðurrif loftlínunnar, förgun og frágang, án VSK. Hlutdeild Sveitarfélags reiknast sem 10% af þeim hluta verkefnis (44%) sem þarf að framkvæma vegna óskar Sveitarfélags um færslu loftlínu í jörð; þ.e 4,4% af 560 Mkr eða 24,64 Mkr.

Viðauki 2: Áætluð línuleið

Áætluð línuleið (bláa línan) á mynd 2 sýnir þá tillögu sem aðilar hafa unnið með.



Mynd 1: Áætluð línuleið.